



Alþingi

Efndi nr. D 115 / 597

komudagur 4 / 3 1992

Reykjavík, 3. mars 1992.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
c/o hr. nefndarritari Þórður Bogason,
Þórshamri,
Reykjavík.

Hjálagt sendast upplýsingar sem óskað var eftir,
er fulltrúar Seðlabankans mættu hjá efnahags- og
viðskiptanefnd til umræðu um frv. til laga um
breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fskj.

Gjaldeyrisforði og styrkur seðlabanka á Norðurlöndum

Meðfylgjandi tafla var tekin saman vegna fyrirspurnar sem fram kom í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, er fulltrúar Seðlabankans mættu fyrir nefndina vegna frumvarps til breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands. Spurt var um stærð og styrkleika Seðlabanka Íslands í samanburði við seðlabanka í öðrum löndum, með tilliti til þess að hafa áhrif á gjaldeyrismarkað. Fram hefur komið að fyrirhugaðar eru ýmsar breytingar sem auka eiga möguleika Seðlabankans til að hafa áhrif á vexti á skammtíma peningamarkaði og hafa með þeim hætti áhrif á gengi krónunnar.

Meðfylgjandi tafla gefur hins vegar vísbendingar um hlutfallslegan styrk Seðlabankans miðað við stöðuna eins og hún var í árslok 1990. Taflan sýnir stærð gjaldeyrisforða seðlabankanna á Norðurlöndum, í mynt hvers lands, í SDR og sem hlutföll af landsframleiðslu og innflutningi vöru og þjónustu. Fram kemur að hlutfallsleg stærð gjaldeyrisvaraforðans víkur ekki verulega frá því sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Hann er sá annar stærsti í hlutfalli við landsframleiðslu, en næst minnstur sem hlutfall af innflutningi. Munurinn stafar að því að íslenska hagkerfið er opnara en að jafnaði á hinum Norðurlöndunum. Taflan sýnir einnig heildareignir og eigið fé seðlabanka á Norðurlöndum, sem eru mælikvarðar á stærð og fjárhagslegan styrk þeirra. Á þessa mælikvarða er Seðlabanki Íslands sá minnsti ef miðað er við innflutning, en sá næst minnsti ef miðað er við landsframleiðslu.

Stærð gjaldeyrisforðans segir ekki allt um styrkleika seðlabankanna á gjaldeyrismarkaði. Þeir hafa einnig lánasamninga við aðra seðlabanka og opinberar alþjóðlegar fjármálastofnanir, sem þeir geta gripið til ef verulega gengur á gjaldeyrisvaraforða þeirra vegna gjaldeyrisústreymis. Þannig hefur Seðlabanki Íslands 30 m.SDR lánsheimildir vegna samninga við seðlabankana á hinum Norðurlöndum og 30-50 m.\$ lánsheimildir hjá Alþjóðagreiðslubankanum í Basel. Ísland hefur 59,6 milljóna SDR kvóta hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem veitir því rétt til takmarkaðrar lántöku án skilyrða og enn meiri með skilyrðum. Að lokum má nefna að Seðlabankinn hefur opna lánasamninga við erlenda viðskiptabanka, sem hann getur nýtt sér ef gjaldeyrisforðinn rýrnar verulega.